

Fundur stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands með formönnum félaga var haldinn í fundarsal Gólfambands Íslands í Laugardal 30.maí 2014. Mætt: sjá fundargerðarbók.

Þetta gerðist:

Sigurjón Pétursson, formaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði að umtalsefni góðan árangur félagsmanna innan og utan keppnisvallar undanfarið ár, og fagnaði sérstaklega góðum árangri á nýafstöðnum heimsmeistaramótum í bekkpressu í Danmörku. Fanney Hauksdóttir og Viktor Ben Gestsson, sem bæði urðu heimsmeistarar í sínum flokkum, voru viðstödd og fögnuðu fundarmenn þeim með blómum og lófataki. Líka var klappað fyrir þjálfurum þeirra sem báðir voru viðstaddir.

Lágmörk á opna Íslandsmeistaramótið.

Lögð var fram tillaga að lágmörkum fyrir þátttöku á opna Íslandsmeistaramóti. Gengið var út frá wilksstuðul 360 í öllum þyngdarflokkum karla og kvenna og lágmarkstafla útbúin á þeim grundvelli. Kári og Sturla unnu tillöguna og þakkaði Sigurjón þeim fyrir.

Nokkrar umræður urðu um tölurnar og gerði fulltrúi Gróttu tillögu um að norsku viðmiðin yrðu látin gilda í staðinn. Bent var á nauðsyn þess að fjölga mótum, sérstaklega byrjendamótum. Ræddur var möguleikinn á að halda 2 – 3 daga mótshelgi þar sem Íslandsmeistaramótið bæði í aldursflokkum og opna mótið yrðu haldin hlið við hlið.

Stjórnin tekur athugasemdir þessar með sér í næstu umræðu, en endanleg niðurstaða verður birt í síðasta lagi 1.september nk.

Fjölmiðlanefnd.

Sigurður Gunnarsson, formaður fjölmiðlanefndar, gat ekki setið fundinn, en Gry las punkta sem hann sendi frá sér til fundarmanna. Hann lýsti sérstaklega eftir fleiri ahugasömum til starfa í nefndinni til að geta haldið áfram að móta starfið. Hann vildi líka sjá að félögin sjálf væri duglegri að auglýsa starfsemi sína.

Fundarmenn fóru heim með það verkefni að leita uppi áhugasama félaga til starfa með nefndinni.

Afreksstefnan 2012 – 15

Sigurjón hafði framsögu um málið, en afreksstefnan er sífellt í endurskoðun. Undanfarin misseri hefur mjög stór hluti tekna sambandsins farið í þátttöku erlendis, og tímabært að hefja umræðu um hvort og þá hvernig sambandið í framtíðinni eigi að forgangsraða milli greina, aldurshópa, staðsetning móta, klassísk/búnaðarmót o.a.

Umræðunni verður haldið áfram. Afreksstefnan aftur á dagskrá á formannafundi að hausti.

Endurskoðun reglugerða og laga sambandsins.

Ása Ólafsdóttir hafði framsögu, en hún hefur tekið að sér að fara yfir reglur og lög og gera tillögur til úrbóta. Hún gerði grein fyrir forsögu og ástæður endurskoðunnar og lýsti eftir ábendingum um hluti sem mega betur fara.

Hún ætlar að birta drögin eftir því sem henni vinnst tími til og tekur við tillögum og athugasemdum á netfanginu asaolafs@hi.is

Drögin verða til umræðu á formannafundi að hausti.

Önnur mál

- Dagsetning móta.
Nokkrar athugasemdir komu fram vegna dagsetningu móta á næsta tímabili.
Mönnum bent á að senda sínar tillögur beint til mótanefndar til umfjöllunnar þar.
- Einar Örn Guðnason bauð sig fram til vinnu í mótanefnd og tekur sæti í henni.

Sigurjón þakkaði mönnum fundarsetu og góðar umræður.

Fundi slitið kl. 19.45

Fundarritari: Gry Ek